

17. júní 2013 - minnismiði

Í upphafi kom frá ÍTH nefnd, æskulýðsfulltrúa og bæjarstjóra hugmynd sem unnið var út frá þ.e. að flytja alla dagskrá af Víðistaðatúni niður í miðbæ. Stofnaður var starfshópur um framkvæmdina þar sem Ellert, Geir, Axel og Linda starfsmenn ÍTH sátu í og yfirflokkstjórar Vinnuskólans bættust í hópinn við lok undirbúningstímans.

Starfshópur hélt 17 undirbúningsfundi áður en kom að 17. júní. Mikið púður fór í að tryggja að allir aðilar í miðbæ og samstarfsaðilar vegna hátíðarinnar væru vel upplýstir. Leitað var eftir samstarfi og samráði við fjöldann allan af félagsamtökum, fyrirtækjum og aðilum sem koma að slíkum skemmtunum. Reynt var að finna kostunaraðila án árangurs.

Dagskrá lýsir best afrakstri undirbúningsvinnunnar en markmiðið var að:

- Kynna vel með góðum bæklingi fyrir bæjarbúum breytingarnar þannig að fólk áttaði sig á nýrri staðsetningu
- Viðhalda þeim liðum sem er kjarninn í dagskránni hvert ár eins og fjallkonu, skróðgöngu, fjölskyldudagskrá, samstarfi við íþróttafélög, skemmtunum á sjúkrastofnunum, Austurgötuhátíðinni og ávarpi nýstúdents
- Nýta það sem er til og tengja það dagskránni s.s. Byggðasafn, Víkingahátíð, Hellisgerði, Leikfélag, verslanir, Hafnarborg og svið á Thorsplani
- Að tengja íbúa á Völlum og syðri hluta bæjarins betur hátíðarhöldunum með því að láta skróðgöngu byrja á Völlum og vera með handbolta á Ásvöllum
- Að tryggja öryggi bæjarbúa með því að loka fyrir bílaumferð þar sem fólk var á ferð
- Að höfða ekki bara til fjölskyldna heldur allra bæjarbúa.
- Að bæjarbúar væru að fara á milli svæða í miðbænum og væru stöðugt að upplifa eitthvað nýtt
- Að fá verslanir og aðila á Strandgötu til að taka þátt í hátíðinni

Að mati starfshóps gekk dagurinn í heild sinni vel. Veður var ekki með besta móti en skjól var víða í miðbænum þegar byrjaði að hvesa. Aðsókn var með mesta móti en skróðgangan var metin sú fjölmennasta frá upphafi en erfitt er að telja gesti í miðbænum. Bæjarbúar dvöldu nokkuð lengi á hátíðarsvæðunum eða frá um 14:00 til 16:30 en þá fækkaði fólki og veðrið versnaði. Starfsmenn sem unnu að verkefninu söfnuðu punktum vegna verkefnisins, sjá viðhengi, þar sem fram koma atriði sem varða það sem gekk vel og það sem gekk verr auk þess sem horft er til framtíðar. Einnig var bæjarbúum gert kleift að senda inn athugasemdir og nýttu nokkrir sér það.

Eins og staðan er í dag þá var rekstrarkostnaður samkvæmt heimildum, rétt undir 4,3 milljónum.

Framkvæmdastjóri hátíðarhaldanna sér fyrir sér að við höldum þessu formi næsta ár, minnkum lokanir og hátíðarsvæðið, íhugum vel skróðgönguleið, styttnum aðeins dagdagskrá og bætum inn í 2 klst. kvölddagskrá.

Geir september 2013